Starfsmaður Hjartaverndar nýtur sambærilegrar réttarstöðu og starfsmenn ríkisins á grundvelli kjarasamnings.

Þann 19. febrúar féll dómur í Hæstarétti. Málavextir í stuttu máli eru þeir að G starfaði hjá H frá 1991 til 2005 þegar henni var sagt upp störfum vegna samdráttar í rekstri. Var starf hennar lagt niður. G, sem var félagsmaður í SFR, krafði H um laun í sex mánuði að frádregnum launum sem hún aflaði í öðru starfi á tímabilinu. Byggði hún kröfu sína á 3. gr. kjarasamnings H og SFR frá 29. mars 2001 um að réttindi og skyldur félagsmanna skyldu vera hliðstæð ákvæðum laga nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins og 5. mgr. bráðabirgðaákvæðis þeirra laga sem kvað á um rétt til launa í sex mánuði fyrir starfsmann sem hefði verið í þjónustu ríkisins skemur en í 15 ár. Héraðsdómur taldi að orðið „hliðstæð“ í 3. gr. kjarasamningsins gæfi ótvíræða vísbendingu um að félagsmenn H í SFR nytu sambærilegrar réttarstöðu og þeir starfsmenn ríkisins sem lög nr. 70/1996 tækju beinlínis til, að svo miklu leyti sem fært þótti. Tilvitnuð lög hefðu öðlast gildi 1. júlí 1996. Eftir það hefðu kjarasamningar tvívegis verið gerðir milli H og SFR. Ætla yrði að H, sem viðsemjanda gagnvart SFR, hefði verið í lófa lagið að tilgreina nánar hvaða réttindi eða skyldur fælust í ákvæðinu eða eftir atvikum semja sig undan einhverjum ákvæðum umræddra laga. Það hefði H ekki gert og yrði því að bera ábyrgð á því. Var fallist á það með G að hún hefði á grundvelli 3. gr. kjarasamnings H og SFR átt rétt til hliðstæðra bóta og mælt væri fyrir um í 5. mgr. ákvæðis til bráðabirgða í lögum nr. 70/1996. Var þessi niðurstaða héraðsdóms staðfest með vísan til forsendna hans.

EG/febr 09